

## FUNDARGERÐ

**72. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn mánudaginn, 8. mars 2010, kl. 13:00, í húsnæði H.Í., Bolholti 6, Reykjavík.**

Fundinn sátu: Steinunn Helga Lárusdóttir, formaður, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Meyvant Þórólfsson, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Gerður G. Óskarsdóttir sem ritaði fundargerð. Sigurlína Davíðsdóttir boðaði forföll.

Tekið fyrir:

- 1. Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerðin samþykkt.
- 2. Aðalfundur FUM.** Núverandi formaður var kosinn til tveggja ára á síðasta aðalfundi ásamt Ingólfi og Svanhildi. Gerður og Meyvant gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórninni. Ákveðið að formaður leiti til varamanna í stjórn um setu í næstu stjórn.

Tveir fulltrúar ganga nú úr ritstjórn Tímarits FUM, því þarf að kjósa tvo fulltrúa í ritstjórnina á aðalfundi.

Formaður lagði til að aðalfundurinn yrði haldinn í 4. viku marsmánaðar, t.d. föstudaginn 26. mars kl. 13:00.

Formaður lagði fram drög að ársskýrslu stjórnar, þ.m.t. hugmyndir um efni í framkvæmdaáætlun næstu árin (fjölgun félaga, þróun vefjarins, endurskoðun á umgjörð ráðstefnu, samstarf við aðila sem halda svipaðar ráðstefnur og önnur félög).

- 3. Fjórða ráðstefna FUM, haldin 27. febrúar sl.** Stjórnarmönnum þótti framkvæmd ráðstefnunnar almennt hafa tekist vel.
  - Þátttaka: Um 100 manns sóttu ráðstefnuna.
  - Efni ráðstefnunnar: Rúmlega 50 erindi voru flutt á ráðstefnunni og kynnt í bæklingi sem dreift var á ráðstefnunni. Rætt m.a. um aukna ritryningu á ráðstefnum FUM, tímafrest á skilum efnis (hafa hann lengri en sex vikur, mætti vera allt að fjórir til fimm mánuðir), fjölda málstofa, kynningu og lengd ágrípa í bæklingi og forsendur fyrir þátttöku doktorsnema í ráðstefnunni.
  - Húsnæði: Samþykkt að formaður sendi erindi til yfirstjórnar Menntavísindasviðs H.Í. vegna kostnaðar við húsnæði fyrir ráðstefnuna.

Sérstakar þakkir voru bornar fram til þeirra sem lögðu fram mikla vinnu við undirbúning ráðstefnunnar, einkum Steinunnar Helgu, Svanhildar og Meyvants.

- 4. Næsti fundur.** Aðalfundurinn 26. mars nk.

Fleira ekki tekið fyrir,  
fundi slitið kl. 14:50  
GGÓ